

## Ferli – stuttmynd - vefur

Nemendur vinna í hópum tveir til þrjár saman og búa til vef eða mynd um eitt viðburða- ríkasta skeið bandarískrar sögu sem hafði afdrifaríkar afleiðingar víða um heim (afnám einveldis og einokunar, stjórnarskrárgerð og mannréttindayfirlýsingar). Þetta er tímabilið frá 1773 (Boston Tea Party) til loka Frelsisstríðsins 1865.

Í þessu verkefni þurfa nemendur að afla upplýsinga úr bókum og af netinu og tileinka sér nýjan orðaforða.

1. Kennari kynnir verkefnið.
2. Nemendur fá kynningu á safni á helstu upplýsingaveitum; bókum, vefslóðum, gagnasöfnum, alfræði, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og öðru sem að gagni kemur. Það er ágætt í innlögn að sýna nokkra búta (trailers) úr frægum kvikmyndum sem fjalla um þetta tímabil bandarískrar sögu, kynna bókina *Kofa Tómasar frænda* og benda á hvernig hægt er að undirbúa sig heima með því t.d. að horfa á kvikmyndir.
3. Nemendur vinna verkefni um *þrælasölu – þríhyrningsverslunina*. Það verkefni veitir innsýn í ástæðuna fyrir þrælahaldinu.
4. Nemendur skipuleggja vinnuna á blaðið yfir *vikuskipulagið*.
5. Þá er komið að lestri og aftur lestri, semja texta í *Word* og að lokum að búa til vef.
6. Nemendur skrá heimildir og nýta sér möguleika *Word* –(sjá verkefni).
7. Skil á verkefni, fyrirlestur hvers hóps frammi fyrir áheyrendum. Foreldrum boðið.

### Kveikja

- *Teboð* – og frásögn kennara af Boston Tea Party
- *Kofi Tómasar frænda* eftir H. Beecher Stowe
- Myndbrot úr kvikmyndum –t.d. *Cold Mountains*. Sjá lista yfir kvikmyndir